

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti eftirfarandi umsögn um ofangreind mál á 163. fundi sínum þann 18.12.2019:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga lýsir yfir vonbrigðum með tímasetningar um ákvörðun um tvöföldun á köflunum Krísuvíkurvegur og Hvassahraun annars vegar, og hins vegar frá Fitjum að Rósaselstorgi. Bæjarstjórnin hvetur samgönguráðherra og Alþingi til að breyta þessum áherslum þannig að þessir mikilvægu kaflar Reykjanesbrautarinnar fari inn í fyrsta áfanga samgönguáætlunar, enda um brýnt hagsmuna- og öryggismál að ræða fyrir Suðurnesin og landið allt, ekki síst m.t.t. aðgengi til og frá alþjóðaflugvöllinum.

Samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum.

Með kveðju



Ásgeir Eiríksson
Bæjarstjóri - Bæjarskrifstofa
S. 440 6200
Iðndalur 2, 190 Vogar
www.vogar.is
[Fvriřvari/Disclaimer](#)